

Handbók um umferðarmerki

Önnur merki Flokkur 900

Útgefandi Vegagerðin




Mars 2025




Efnisyfirlit

Yfirlit yfir önnur merki.....	3
Almennar reglur um önnur merki.....	5
Málsetning og götun	6
Málsetning þverslár 902.1	6
Málsetning tvöfaldrar þverslár 902.2	6
Málsetning stefnuörvar 904	7
Götun stefnuörvar 904	7
Málsetning gátskjalda í vegkanti 906.1 og 906.2 og vegna framkvæmda 906F	8
Götun gátskjalda í vegkanti 906.1 og vegna framkvæmda 906F	8
Málsetning gátskjaldar á brú 906.21 og 906.22.....	9
Málsetning gátskjaldar á veggreiningu 912	10
Götun gátskjaldar á veggreiningu 912.....	10
Málsetning gátstaur 913.....	11
Málsetning gátskjaldar í jarðgöngum 914.....	11
Málsetning fjarlægðarmerking í jarðgöngum 916.	11
Götun fjarlægðarmerking í jarðgöngum 916.....	11
Málsetning endurskinsborða á stikum 920	12
Gerðir merkja - önnur merki	13
902 Þverslá	13
904 Stefnuör	14
906 Gátskjöldur.....	15
908 Hindrunarslá	16
912 Gátskjöldur á veggreiningu	16
913 Gátstaur	17
914 Gátskjöldur í jarðgöngum.....	17
916 Fjarlægðarmerking í jarðgöngum	18
920 Vegstika	18
940 Stólpi til afmörkunar miðeyju eða bannsvæðis	20
Merkingar vegna framkvæmda við veg	20
Gerðir merkinga - Merkingar vegna framkvæmda við veg	20
902.1F Þverslá, framkvæmdir.....	20
904F Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir	21
906F Gátskjöldur, framkvæmdir	21
908F Hindrunarslá, framkvæmdir	21
909F Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir	22
912F Gátskjöldur á veggreiningu, framkvæmdir.....	22
940F Keila til afmörkunar vegna framkvæmda	22
941F Stólpi til afmörkunar vegna framkvæmda.....	23

Yfirlit yfir önnur merki

 902.1 Þverslá	 902.2 Þverslá	 904 Stefnuör	
 906.11 906.12  906.21 906.22 Gátskjöldur	 908.1  908.2 Hindrunarslá	 912.1 912.2 Gátskjöldur á veggreiningu	
 913 Gátstaur	 914.11 914.12 Gátskjöldur í jarðgöngum	 916 Fjarlægðarmerking í jarðgöngum	
 920.1 Vegstika.	 920.2 Vegstika í jarðgöngum	 920.3 Snjóstika	 940 Stólpi til afmörkunar miðeyju eða bannsvæðis

 902.1F1  902.1F2 <i>Þverslá, framkvæmdir</i>	 904F1 904F2 <i>Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir</i>	 906F1  906F2 <i>Gátskjöldur, framkvæmdir</i>
 908F <i>Hindrunarslá, framkvæmdir</i>	 909F1  909F2 <i>Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir</i>	 912F <i>Gátskjöldur á veggreiningu, framkvæmdir</i>
 940F <i>Keila til afmörkunar vegna framkvæmda</i>	 941F <i>Stólpi til afmörkunar vegna framkvæmda</i>	

Almennar reglur um önnur merki

Reglugerð um umferðarmerki:

Önnur merki eru notuð vegfarendum til aðstoðar, til að skýra nánar hættu sem framundan er og til leiðbeiningar um legu vegar, akbrautar, vegamóta eða vegarbrúnar.


Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Önnur merki eru einkum notuð til að sýna og afmarka legu vegar eða akbrautar.

Á fáförnum úppbyggðum vegum, þá helst þjóðvegum í flokki landsvega og vega í náttúru Íslands skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands, er veghaldara heimilt að víkja frá ákvæðum viðauka þessa um önnur merki sem annars væri skylt að nota.

Málsetning og götun


Málsetning þverslár 902.1




Málsetning tvöfaldrar þverslár 902.2



Stærri mynd frá miðju




Málsetning stefnuörvar 904




Götun stefnuörvar 904


Minni gerð



Stærri gerð




Málsetning gátskjalda í vegkanti 906.1 og 906.2 og vegna framkvæmda 906F




Málsetningar punkta mælt í mm frá botni.


Punktur	Vinstri	Hægri
5	925	825
4	745	630
3	550	450
2	370	255
1	175	75

Götun gátskjalda í vegkanti 906.1 og vegna framkvæmda 906F



Málsetning gátskjaldar á brú 906.21 og 906.22


Málsetning gátskjaldar á veggreiningu 912




Málsetningar punkta mælt í mm frá botni.

Punktur	Kantar	Miðja
6	830	975
5	660	805
4	515	660
3	345	490
2	200	345
1	30	175


Götun gátskjaldar á veggreiningu 912




Málsetning gátstaurs 913




Málsetning gátskjaldar í jarðgöngum 914




Málsetning fjarlægðarmerking í jarðgöngum 916.



Götun fjarlægðarmerking í jarðgöngum 916.



Málsetning endurskinsborða á stikum 920



Gerðir merkja - önnur merki

902 Þverslá



Reglugerð um umferðarmerki:


Þverslá við vegarbrún gefur til kynna enda vegar sem vegna aðstæðna kann að vera vegfarendum óljós. Svört og gul skástrik sem mynda örvar gefa til kynna akstursstefnu.

Vinnureglur um notkun:

Nota skal þverslá við vegamót þjóðvega utan þéttbýlis, þar sem ekki er vegvísun og umferð umtalsverð. Heimilt er að nota þverslá við önnur vegamót, þar sem ástæða þykir til.

Við stærri vegamót þar sem ekki er talið nægja að nota 902.2 er heimilt að nota tvær 902.1 til að bæta sýnileika. Eru þá örvar láttnar vísa í sitt hvora áttina og haft um 0,4 m bil á milli þversláanna.

Heimilt er að nota þverslár með vegvísun eða fleiri en eina þverslá, hvor ofan annarrar, þar sem ástæða þykir til, svo sem þar sem vegsýn er takmörkuð í aðdraganda vegamóta.



Annað:

Nota skal stærri stærð 902.1 við hringtorg.

Ávallt skal nota þverslá við vegamót í flokki D.


Við stærri vegamót þar sem ekki er talið nægja að nota 902.2 er æskilegt að nota 2 x 902.1. Eru þá örvar láttnar vísa í sitt hvora áttina og haft um 0,4 m á milli þversláanna.

Þar sem vegvísar sjást seint eða illa vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna háboga á aðliggjandi vegi, má í undantekningartilvikum nota þverslár með vegvísun og skulu þverslárnar þá vera jafn langar vegvísunum.

Dæmi um þverslár á vegamótum Svínvetningabrautar (731) og Blönduðalsvegar (733)



904 Stefnuör



Reglugerð um umferðarmerki:


Stefnuör við vegarbrún gefur til kynna breytingu á stefnu vegarins sem vegna aðstæðna kann að vera vegfarendum óljós.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota stefnuörvar í beygjum þar sem mikilvægt er að sýna breytta akstursstefnu. Nota skal minnst þrjú merki til að sýna stefnubreytinguna og minnst tvö merki skulu vera sýnileg samtímis. Nota má tvö merki á hverri stöng.

Stefnuörvar skulu standa hornrétt á akstursstefnu ökutækisins hverju sinni og staðsettar í samræmi við neðangreinda mynd. Fyrsta merkið skal vera í beinni sjónlínu ökumanns sem nálgast beygjuna. Merkin skulu vera 1 – 1,5 m frá vegöxl og skal neðri brún merkis vera 80 – 120 cm ofan akbrautar.

Radíus beygju m	Fjarlægð milli merkja í beygju m (L1)	Fjarlægð milli merkja utan við beygju m (L2)
50	10	20
100	15	30
200	20	40
300	30	60
400	40	80
500	50	100




Minni gerð stefnuörva hefur 40 cm hliðarlengd og stærri gerðin 60 cm hliðarlengd. Stærri gerð skal nota þar sem ársdagsumferð er yfir 500 bílar. Ekki skal nota lítil og stór merki saman.

Annað:

Í stuttum beygjum og í beygjum með radíus undir 50 m skal nota 902.1 þverslár Sjá töflu um radíus beygju og aðferð til að meta hann (aftast í handbók um Viðvörðunarkerki)

906 Gátskjöldur



Reglugerð um umferðarmerki:

Gátskjöldur, með svörtum og gulum skástrikum sem vísa niður að vegi, gefur til kynna þrengingu á akbraut.

Vinnureglur um notkun:


Gátskildi skal nota til að marka allar hindranir sem minnka breidd akbrautar eða vegaxlar, svo sem miðeyjur, brúarenda, vegrið og aðrar þrengingar. Aðrar hindranir utan vegaxlar skal merkja, séu þær taldar valda hættu á ákeyrslu.

Skástrikin skulu vísa niður að akbraut, þeim megin merkisins sem heimilt er að aka. Neðri brún merkis skal vera 25 cm yfir akbraut. Merkin skulu almennt staðsett þannig að þau skerði ekki vegsýn.


Annað:

Venjuleg lengd merkis er 1 m en nota má 0,5 m merki ef stærri skilti hindra vegsýn.

Dæmi um notkun merkisins við þrengingar



908 Hindrunarslá



Reglugerð um umferðarmerki:

Hindrunarslá gefur til kynna að vegur sé lokaður fyrir umferð.


Þar sem merkið er hengt yfir veg, vekur það athygli á hæðartakmörkunum sem gefnar eru til kynna með sérstöku umferðarmerki.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið þar sem vegi er lokað fyrir almennri umferð með merki 306.0 Allur akstur bannaður eða öðru viðeigandi bannmerki.

Merkið má einnig hengja yfir veg til áréttingar um hæðartakmarkanir sem í gildi eru á veginum og skal þá neðri brún merkisins ekki vera hærra yfir yfirborði vegarins en sú hindrun sem varað er við. Með merkinu skal að jafnaði nota merki 314 Takmörkuð hæð ökutækja.

912 Gátskjöldur á veggreiningu



Reglugerð um umferðarmerki:


Gátskjöldir á veggreiningu, með svörtum og gulum skástrikum sem vísa niður frá miðju skjaldarins, vekja athygli vegfarenda á veggreiningu.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið við fráreinar á mislægum vegamótum. Neðri brún merkis skal vera um 25 cm yfir akbraut.

Annað:

912.1 eða 912.2 má nota eitt og sér eða með 405  til frekari merkingar.



913 Gátstaur




Reglugerð um umferðarmerki:

Gátstaurar beggja vegna akbrautar gefa til kynna að á akbraut sé hraðahindrun.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að setja upp gátstaur til að vara við hraðahindrun. Staurinn skal staðsettur við upphaf hraðahindrunarinnar. Lágmarkshæð gátstaus er 1,0 m.

914 Gátskjöldur í jarðgöngum



Reglugerð um umferðarmerki:

Gátskildir í vegkanti, með svörtum og hvítum skástrikum sem vísa niður að vegi, afmarka akbraut í jarðgöngum.

Vinnureglur um notkun:

Gátskildi skal nota í öllum einbreiðum jarðgöngum. Gátskildir skulu settir upp með 30 m bili inni í göngunum en 10 m bili í gangnamunna. Þar sem beygjur eru í göngunum með radíus minni en 300 m, skal fjarlægð milli gátskjalda vera 10 – 20 m.

Merkið skal staðsett 50 cm frá akbrautarbrún og neðri brún þess skal vera 50 – 100 cm frá vegyfirborði.

Heimilt er að nota gátskildi í fjölakreina jarðgöngum.

Gátskildi skal nota í öllum einbreiðum jarðgöngum. Þá má einnig nota í tvíbreiðum jarðgöngum.

Annað:


Gátskildirnir skulu vera 50-100 sm frá vegyfirboði og 50 sm frá akbrautarbrún.

Fjarlægð milli gátskjalda:

Í gangamunna skal fjarlægð á milli gátskjalda vera 10 m en 30 m inni í göngunum sjálfum.

Í beygjum í göngum með radíus frá 150-300 m skal fjarlægðin vera 20 m.

Í beygjum í göngum með radíus undir 150 m skal fjarlægðin vera 10 m.



916 Fjarlægðarmerking í jarðgöngum



Reglugerð um umferðarmerki:



Merki þetta gefur til kynna fjarlægðir að gangamunnum í jarðgöngum.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota til að tilgreina fjarlægðir að gangamunnum í göngum lengri en 3 km með umferð í tvær áttir. Fjarlægðir á merkinu skulu tilgreindar í heilum kílómetrum, námundaðar að næsta kílómetra. Fjarlægð milli merkja skal vera sem næst 1 km.

Þar sem lítið merki er notað í jarðgöngum skal merkið vera upplýst.

920 Vegstika

 920.1 Vegstika	 920.2 Vegstika í jarðgöngum	 920.3 Snjóstika	 Vegstika á vegum með umferð í eina átt
---	--	--	---

Reglugerð um umferðarmerki:

Vegstikur afmarka vegarbrún og bæta vegsýn vegfarenda. Glitmerki á vegstikum eru með hvítu endurskini og skásett þannig að þau vísi niður að vegi.

Á vegi með umferð í eina átt er eitt glitmerki á hvorri vegstiku sitt hvorum megin vegar.

Á vegi með umferð í tvær áttir er eitt glitmerki á vegstiku við hægri brún vegar miðað við akstursstefnu og tvö glitmerki á vegstiku við vinstri brún vegar miðað við akstursstefnu.

Við vissar aðstæður, svo sem í jarðgöngum og á snjópungum vegum, er fjöldi glitmerkja tvöfaldaður.

Vegstikur geta afmarkað akbraut við miðeyju eða bannsvæði til að árétta yfirborðsmerkingar.

920.1 Vegstika.

920.2 Vegstika í jarðgöngum.

920.3 Snjóstika.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Vegstikur skal nota á úpplýstum vegum með meiri umferð en 100 bílum á sólarhring, sem eru í reglubundinni vetrarþjónustu. Einnig á vegum sem liggja á milli þeirra þannig að vegfarendur upplifi einsleitni í samhangandi vegarkerfi.

Heimilt er að nota vegstikur á öðrum vegum.

Stikur eru gular að lit. Í sérstökum tilvikum getur veghaldari heimilað frávík s.s. á hálendisvegum.

Staðsetning stika:

Vegstikur skulu vera með 50 m bili báðum megin vegar á vegum með tvíbreiðu bundnu slitlagi, en mega vera öðru megin á einbreiðu slitlagi og á malarvegum þar sem umferð er lítil (sem ársdagsumferð er undir 500 bílar).

Við sérstakar aðstæður s.s. í kröppum beygjum má stika öðru megin, þar sem gert er ráð fyrir stikun báðum megin, en þá skal stika helmingi þéttar.

Á vegum þar sem skyggni getur verið slæmt að vetrarlagi er heimilt að stika allt að helmingi þéttar þ.e. með 25 m bili.

Á upplýstum vegum skulu kantar stikaðir, þeim megin sem ljósastaurar eru ekki, ef skyggni og aðstæður gefa sérstakt tilefni til. Ljósastaura má merkja með endurskinsmerkjum á sama hátt og stikur.

Á vegum þar sem annar kantur er stikaður og skipt er um kant við stikun skal stika á báðum köntum á a.m.k. 300 m kafla.

Þar sem stikur eru beggja vegna vegar skulu þær standa gegnt hvor annarri.

Stikur skal staðsetja efst í fláa utan við vegöxl þannig að þær myndi línu samsíða vegi.

Í tvíbreiðum jarðgöngum við hægri brún akbrautar miðað við akstursstefnu er heimilt að hafa glitmerkin tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli og við vinstri brún akbrautar er heimilt að hafa merkin tvisvar sinnum tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli para. Sama gildir fyrir snjóstikur. Glitmerki skulu skásett þannig að þau vísi niður að vegi.

Lengd stika:

Hefðbundnar stikur eru 90 cm en einnig er heimilt að nota 120 cm stikur við sérstakar aðstæður.

Nota má snjóstikur 920.3 í stað venjulegra stika. Hefðbundnar snjóstikur eru 150 cm. Einnig eru til 90 cm snjóstikur sem er hægt að bæta öðrum 90 cm snjóstikum ofan á.

Annað:**Virgni ljósa í vegkanti jarðgangna:**

Í jarðgöngum eru notuð ljós í stað vegstika og lýsa þau hvítu ljósi. Þau afmarka ytri kant akbrautar til að leiðbeina ökumönnum. Hægt er að breyta styrk þeirra og láta þau blikka til að vara við hættuástandi í gögnum og er það gert handvirkt af stjórnstöð Vegagerðarinnar.

940 Stólpi til afmörkunar miðeyju eða bannsvæðis



Reglugerð um umferðarmerki:

Stólpar til afmörkunar akbrautar við miðeyju eða bannsvæði til áréttingar yfirborðsmerkinga.

Vinnureglur um notkun:


Heimilt er að nota stólpa til afmörkunar miðeyju eða bannsvæðis til að árétta yfirborðsmerkingar. Höfð eru þrjú glitmerki á stólpa með hvítu láréttu endurskiní.

Merkingar vegna framkvæmda við veg

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

Gerðir merkinga - Merkingar vegna framkvæmda við veg

902.1F Þverslá, framkvæmdir




Reglugerð um umferðarmerki:

Stefnuvirk þverslá við vegarbrún gefur til kynna enda vegar sem kann að vera vegfarendum óljós, vegna framkvæmda á eða við veg.

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

904F Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir




Reglugerð um umferðarmerki:

Stefnuvísandi gátskjöldur við vegarbrún gefur til kynna breytingu á stefnu vegarins sem vegna aðstæðna kann að vera vegfarendum óljós vegna framkvæmda á eða við veg.

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

906F Gátskjöldur, framkvæmdir



Reglugerð um umferðarmerki:

Gátskjöldur, með rauðum og hvítum skástrikum sem vísa niður að vegi, gefur til kynna þrengingu á akbraut vegna framkvæmda á eða við veg.

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

908F Hindrunarslá, framkvæmdir



Reglugerð um umferðarmerki:


Hindrunarslá gefur til kynna að vegur sé lokaður fyrir umferð.

Þar sem merkið er hengt yfir veg, vekur það athygli á hæðartakmörkunum sem gefnar eru til kynna með sérstöku umferðarmerki.

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

909F Stefnuvísandi gátskjöldur, framkvæmdir



Reglugerð um umferðarmerki:

Stefnuvísandi gátskjöldur við vegarbrún gefur til kynna breytingu á stefnu vegarins sem kann að vera vegfarendum óljós vegna framkvæmda á eða við veg.

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

912F Gátskjöldur á veggreiningu, framkvæmdir



Reglugerð um umferðarmerki:

Gátskildir á veggreiningu, með rauðum og hvítum skástrikum sem vísa niður frá miðju skjaldarins, vekja athygli vegfarenda á veggreiningu sem kann að vera vegfarendum óljós vegna framkvæmda á eða við veg.

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

940F Keila til afmörkunar vegna framkvæmda




Reglugerð um umferðarmerki:

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

941F Stólpi til afmörkunar vegna framkvæmda



Reglugerð um umferðarmerki:

Vinnureglur um notkun:

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal nota gátskildi, gátstaura, stefnuörvar og þverslár í rauðum og hvítum lit í stað guls og svarts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.